

**Sp. 480. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]**

um framkvæmdir í raforkumálum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson,  
Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að haga framkvæmdum í raforkumálum þannig, að auk þeirra sveita- og kaupþúnaðveitna, sem áformað er að koma upp árið 1959, verði einnig á þessu ári unnið við þær rafstöðvabyggingar og aðalorkuveitur, sem 10 ára áætlunin mælir fyrir um. Í framhaldi af því verði á næstu 4 árum unnið að því að ljúka framkvæmdum samkvæmt áætluninni eins og til var ætlað.

**Greinargerð.**

Við 2. umr. fjárlagafrv. í síðari hluta aprílmánaðar lögðu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd fram tillögur á Alþingi um að lækka fjárframlög úr ríkissjóði til raforkuframkvæmda á þessu ári um 10 millj. 750 þús. kr., og voru þær tillögur samþykktar af stjórnarliðinu. Af hálfu flutningsmanna þessara tillagna var því lýst yfir, að með þessu væri ekki ætlunin að draga úr framkvæmd rafvæðingaráætlunar strjálbýlisins og að ekki hefði verið ákveðið að taka þessa fjárveitingu út úr fjárlagafrv., fyrr en sýnt þótti, að auðið væri að tryggja nægilegt lánsfé til framkvæmdanna.

En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu kom í ljós í sambandi við fullnaðarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, að hér var nýtt á seyði. Ríkisstjórnin hefur látið gera nýja áætlun, þar sem horfið er frá því að ljúka framkvæmd 10 ára rafvæðingaráætlunarinnar. Samkvæmt hinni nýju áætlun mundi niðurskurður á fjárframlögum til raforkuframkvæmdanna á þessu ári nema 30—40 millj. kr. M. a. er fellt niður að taka lán hjá innlendum bönkum til framkvæmdanna á þessu ári, sem samið var um, þegar 10 ára áætlunin var gerð, en áætlunin var einmitt að verulegu leyti byggð á þeim samningi um árlegar lántökur hjá bönkunum.

Í hinni nýju áætlun er að vísu, að því er snertir sumar framkvæmdirnar, talað um frestun þeirra. En eftir þeim upplýsingum, sem um þetta hafa fengizt, er nú ætlunin að hætta við að tengja byggðarlög viðs vegar um landið við vatnsorkuver og aðalveitur, sem búið er að koma upp, en auka í staðinn við dísilstöðvar á ýmsum stöðum. Eitt m. a. í þessari nýju áætlun er, að yfir 100 sveitabýli, sem samkvæmt 10 ára áætluninni eiga að fá rafmagn frá samveitum, verði ekki tengd við þær, en ábúendum þeirra vísað á mótorstöðvar í staðinn.

Talað er um, að með hinni nýju tilhögun sé hægt að lækka verulega kostnaðinn við rafvæðinguna. Það liggur þó í augum uppi, að því aðeins verður dregið úr kostnaðinum, að hætt sé við að framkvæma eitthvað af því, sem áður var ákveðið að gera. Sé hins vegar um frestun að ræða, er ekki hægt að búast við lækkun á kostnaði, því að ekki bendir neitt til þess, að stofnkostnaður slíkra mannvirkja verði minni síðar. En frestunin hefði aukakostnað í för með sér vegna kaupa á dísilstöðvum, sem komast mætti hjá með því að halda áfram línulögnum frá vatnsaflsstöðvum. Á það er einnig að líta, að dísilstöðvarnar þurfa útlent brennsluefni, og er ekki hagkvæmt fyrir þjóðina að verja miklu fé til kaupa á því, en láta ónotað innlent vatnsafl. Mótorararnir endast líka mjög takmarkaðan tíma, eigi þeir að vera í stöðugri notkun, og vegna bílanahættu eru þeir langtum ótryggari orkugjafi en vatnsaflsstöðvarnar.

Hin nýja áætlun byggist blátt áfram á því að taka út úr 10 ára áætluninni framkvæmdir, sem með núverandi áætlun kosta nál. 110 millj. kr., og þessi verk eiga að vera óunnin í lok áætlunartímabilsins 1963. Í staðinn á að reyna að bjargast við bráðabirgðaúrræði og leggja í kostnað í því sambandi.

Þetta kollvarpar alveg þeim fyrirætlunum að halda áfram að dreifa raforkunni frá aðallinum víðs vegar um landið á svipaðan hátt og áður var gert við lagningu landssímans. Með þessu er 10 ára áætlunin raunverulega numin úr gildi.

Um síðustu áramót, þegar liðin voru 5 af þeim 10 árum, sem raforkuáætlunin er miðuð við, var miklu meira en hálfnað að koma upp þeim orkuverum og aðalorkuveitum, sem rafvæðingin byggist á, og enn fremur var þá búið að leggja rafmagn í mörg kaupún og á hér um bil jafnmörg sveitabýli og 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir, að á þeim tíma yrði búið að tengja við samveitur. Þegar svo langt er komið framkvæmdunum, er alveg fráleitt að hverfa frá 10 ára áætluninni. Það mundi valda mikilli og réttmætri óánægju hjá fjölda fólks víða um land, sem á eftir að fá rafmagnið og hefur treyst því, að framkvæmdum yrði haldið áfram eins og til var stofnað með áætluninni. Það ætti líka að vera framkvæmanlegt að ljúka því, sem eftir er, á þeim tíma, sem upphaflega var til þess ætlaður.

Með flutningi þessarar tillögu er reynt að afstýra því, að stigið verði það óheilla-skref að hverfa frá framkvæmd 10 ára áætlunarinnar. Lagt er til, að þingið feli ríkisstjórninni að láta vinna á þessu ári að þeim framkvæmdum, sem 10 ára áætlunin mælir fyrir um. Og í framhaldi af því verði ályktað, að á næstu 4 árum verði unnið að því að ljúka framkvæmdunum eins og til var ætlazt samkv. áætluninni.